þeirri eða hinum danska tollseðli, sem skipið á að hafa meðferðis, en 2. gr. tilsk. 26. febr. 1872 gjörir það þó eigi að skilyrði fyrir því að undanþiggja skipsforðann frá tolli, að hann berum orðum sje talinn í tollskránni. Þegar þetta á sjer eigi stað, eða þegar tollskránni ber eigi saman við vottorð það upp á æru og trú, er skipstjóri gefur, ber sýslumanni eptir atvikum þeim, er fyrir hendi eru, í hverju einstöku tilfelli að gjöra út um það, hvort hinn umræddi hluti farmsins skuli teljast með skipsforðanum og því verða undanþeginn frá tollgreiðslu. 156 11. nóv.

Skyldi sýslumaður í einhverju einstöku tilfelli vera í efa um hið nefnda atriði, ber honum að bera það undir úrskurð landshöfðingja annaðhvort beinlínis eða með því að láta tollreikningnum fylgja öll skilríki þau, sem í þessu efni er þörf á, svo að tekið verði tillit til þeirra, þegar reikningurinn er endurskoðaður og úrskurðaður.

Að því er snertir málefni það, er hjer liggur fyrir, ber að viðhafa hina sömu aðferð, og að ofan er getið um, þannig að ofannefnd upphæð, 11 kr. 70 a., verði endurgoldin beiðandanum, ef að þjer, herra sýslumaður, álítið vottorð það, er skipstjóri hefir gefið upp á æru og trú, fullnægjandi, og ber þá að láta hjálögð fylgiskjöl fylgja tollreikningnum fyrir 1881, sem skilríki fyrir endurborguninni. Skyldi yður þar á móti þykja ísjárvert að endurborga tollinn, ber að endursenda fylgiskjölin hingað með þóknanlegum ummælum yðar um málið, ásamt skýringum þeim, er nauðsynlegar eru til að dæma um, hvort vottorð skipstjóra upp á æru og trú geti álitizt fullnægjandi til að sanna, að nefndir 39 pottar brennivíns hafi heyrt með til skipsforðans, og þyrftu meðal slíkra skýringa að vera sumpart endurrit af viðkomandi tollskrá, sumpart skýrsla um fjölda skipverja, svo og um, hvað vanalega megi álíta hæfilegan forða af vínföngum handa skipum af líkri stærð o. fl.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um ferðaáætlun póstskipa 1882.** — Eptir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 6. september þ. á. og fylgdi því ályktun alþingis um póstskipsferðirnar til Íslands árið 1882, sendi ráðgjafinn hinu sameinaða gufuskipafjelagi ferðaáætlun þá, er alþingi hafði samið, og lagði jafnframt það til, að fjelagið vildi haga póstskipsferðunum samkvæmt aðaluppástungunni (ferðaáætlun 1 og 2). Þar hjá lýsti ráðgjafinn yfir því, ef svo færi, að fjelagið sæi sjer það ekki fært, að hann til vara myndi fallast á ferðaáætlun, sem væri samkvæm uppástungu alþingis nr. 3. 157 11. nóv.

Í brjefi því[1], sem hjer með fylgir eptirrit eptir, hefir hið sameinaða gufuskipafjelag lýst berlega yfir því, að það alls ekki geti fallizt á ferðaáætlunina nr. 3, en að

---

1) Brjef þetta er dagsett 25. oktbr. 1881, og segir svo:

Með brjefi hins háa stjórnarráðs frá 20. júlí þ. á. meðtókum vjer eptirrit eptir brjefi frá landshöfðingjanum á Íslandi, dagsett 7. maí þ. á. lútandi að miðsvetrarferð póstskipsins til Íslands og eptir að vjer höfum nú ásamt brjefi stjórnarráðsins frá 18. þ. m. enn fremur meðtekið eptirrit eptir uppástungu alþingis um ferðaáætlun póstskipanna næsta ár ásamt áliti landshöfðingjans í þessu tilliti, leyfum vjer oss að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir.

Ástæður þær, sem landshöfðinginn telur fyrir því, að engin veruleg hætta sje að fara út til Íslands um hávetur, getum vjer með engu móti viðurkennt, að sjeu rjettar. Að bera saman breiddarstig og meðalhita á vesturströnd Noregs og á Íslandi er alsendis þýðingarlaust, þegar aðrar ástæður á þessum 2 stöðum eru alveg ólíkar. Öll vesturströnd Noregs er ávallt íslaus, hefir nægar vita til leiðbeingar og hefir alstaðar áreiðanlegar hafnir eða skipalegur, þar sem skip geta í stormum óhult

Hinn 30. desember 1881.

157 11. nóv. það aptur á móti myndi, með því skilyrði, að vetrarferðin í janúar og febrúarmánuðum fjelli úr, fallast á ferðaáætlunina nr. 1. og 2. með nokkrum ómerkilegum breytingum, en að öðrum kosti yrði það að fara eptir ferðaáætluninni nr. 1. eingöngu.

---

beðið þess, að veðrið lægi, en hvorugt þetta er að finna með allri suðurströnd Íslands, að undan teknum einum litlum vita. Þó Phönix hefði á hinni óhappasömu síðustu vetrarferð sinni af borið storminn, hefði hann allt um það hvergi átt óhultan stað í að hverfa, með því hvorki varð komizt inn á höfn í Reykjavík eða Hafnarfirði fyrir ísalögum, svo þar hefði ekkert undanfœri verið annað fyrir skipið en annaðhvort að leggja til hafs eða leita undan til Færeyja, til þess aptur seinna að gjöra nýja tilraun til að komast til Reykjavíkur.

Vjer játum, að veðráttufarið á Íslandi í janúarmánuði í ár var sjerstaklegs eðlis, en að slíkt geti optar að borið, er vitaskuld, og verður því að hafa tillit til þess.

Að því er snertir frumvörp þau til ferðaáætlana, sem hingað hafa verið send, þá liggur sú skylda á fjelaginu eptir samningi, sem þar um hefir verið gjörður, að láta skip fara 10 ferðir á ári til Íslands, þar sem önnur uppástungan, nr. 1. og 2., vill fá 12 ferðir farnar, án þess þó að bjóða neina borgun fyrir.

Fjelagið er samt sem áður fúst til, svo framarlega sem stjórnarráðið hafnar miðsvetrarferðinni í janúar og febrúar, að fallast á ferðaáætlunina nr. 1. og 2. með nokkrum breytingum, sem minna er í varið, þannig að skip fjelagsins fari frá 1. marz til miðs desember alls 11 ferðir til Færeyja og Íslands samkvæmt hinni sömdu ferðaáætlun.

Ef stjórnarráðið ætlar, að það geti ekki fallizt á þessa uppástungu, verðum vjer að aðhyllast ferðaáætlunina nr. 1.; þær 2 ferðir, sem farið er fram á í ferðaáætluninni nr. 2., getum vjer ekki skuldbundið oss til að láta fara, nema því að eins, að vjer sæjum okkur hag við þær.

Hin síðasta uppástungan, semsje ferðaáætlunin nr. 3., mundi alsendis útiloka norðurland og austurland frá beinlínis sambandi við Kaupmannahöfn, þar sem skipin eptir henni eiga á öllum ferðunum að fara beina leið til Reykjavíkur og þaðan aptur norður fyrir land. Með þessu móti myndum vjer ekki að eins missa af mörgum farþegum hjeðan til austur og norðurlands, heldur einnig frá Færeyjum til austurlandsins, einnig myndi þessi tilhögun valda talsverðu tjóni, að því er vörusendingar snertir að og frá hinum nefndu landshlutum, svo að vjer getum alls ekki sinnt þessari ferðaáætlun.

Loksins verðum vjer, að því er komustaði póstskipsins snertir, að láta þá ætlun vora óskorað í ljósi, að það svari ekki tilganginum, heldur sje með öllu ótækt að hafa of marga af þeim, með því hinn reglulegi flutningur póstsins, sem vjer hingað til höfum skilið oss vel við, muni sjálfsagt sitja á hakanum fyrir þessar sakir, því afgreiðslutíminn styttist þá á hverjum stað, að vjer nú ekki nefnum það, að á alþingi hafa menn viljað, að skipin kæmi við á þeim stöðum, þar sem stœrri skipum er ekki auðið að komast að, af því að djúpmælingar vantar, og viljum vjer nákvæmar taka fram þessa staði:

1, Hornafjarðarós, og er það jafnvel álit landshöfðingjans, að þar verði ekki komizt að, fyr en að herskipið sje búið að mæla djúpið og gjöra fleira, sem gjöra þarf.

2, Á Borðeyri er eins ástatt og má um þennan stað geta þess, að enskt skip hefir orðið þar í ár fyrir stórskemmdum og hlekzt þar mjög á.

3, Keflavík liggur fyrir opnu hafi, svo þar er ekkert afdrep, enda er skipalegan of lítil fyrir skip vor.

4, Þorlákshöfn; hún er eins fyrir opnu hafi, en þar vildum vjer fúslega að skipin kœmi við, ef bátur væri sendur út í móti skipinu á kostnað stjórnarinnar, þegar veður leyfði, en slíkt samband virðist svo valt, að það geti alls ekki átt við reglulegar póstskipaferðir.

5, En á Bíldudal er ekkert til fyrirstöðu, að póstskipið komi við, ef þess er óskað.

Vjer getum þannig ekki látið skipin koma við á stöðunum 1, 2, 3, og 4, og einkanlega ekki á nr. 2. og 4., fyr en búið er að framkvæma djúpmælingar þær, sem nauðsyn er á.

Að því er að lyktum snertir fœðispeninga farþega, þá erum vjer fúsir til, þótt vjer sjáum ekki fyllilega, að það mál snerti yfir höfuð alþingi, að setja þá niður úr 4 kr. 66 a. í 4 kr. fyrir hvern farþega á 1. káetu, en eins og sjálfsagt er, verður viðurgjörningur að því skapi rýrari en áður; eins erum við fúsir til að undanþiggja farþega á ferðunum kringum Ísland frá að borga fœðispeninga, þannig að hver farþegi borgi að eins það, sem hann biður um.

Vjer leyfum oss að vœnta sem fyrst ákvörðunar ráðgjafans lútandi að ferðaáætluninni, og að því búnu munum vjer senda ráðgjafanum ferðaáætlun til samþykkis.

Með því svona stendur á og með sjerlegu tilliti til þeirrar hættu, sem því er samfara, að fara um hávetur út til Íslands á skipi, sem ekki er sjerstaklega lagað fyrir slíka ferð, hefir ráðgjafinn álitið, eptir að hann hefir meðtekið álit innanríkisstjórnarinnar um þetta málefni, að sjer bæri að samþykkja, að miðsvetrarferðin fjelli úr í þetta sinn, ef aðaluppástungu alþingis yrði að öðru leyti framgengt, og jafnframt hefir ráðgjafinn tilkynnt fjelaginu, að þessi breyting geti að eins gilt fyrir árið, sem í hönd fer, en að ráðgjafinn búist við, að fjelagið með því að útvega sjer skip, sem lagað sje til vetrarferða, sjái sjer fært síðar meir, að láta fara miðsvetrarferð þá, sem áskilin er í samningnum. 157 11. nóv.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í stjórnartíðindunum, B.-deildinni, læt jeg ekki hjálíða að senda yður nokkur exemplör af umræddri ferðaáætlun.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um hina umboðslegu endurskoðun.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 19. f. m. samþykkir ráðgjafinn hjer með, að framkvæmd hinnar umboðslegu endurskoðunar á reikningum Íslands, sem hefir verið falin kand. polit. Indriða Einarssyni fyrir þóknun þá, sem ákveðin er í fjárlögunum fyrir árin 1880 og 1881, megi einnig felast honum eptirleiðis fyrir þóknun þá, sem tiltekin er í fjárlögunum fyrir hvert tímabil. 158 11. nóv.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um sölu á bóndakirkjueign.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 13. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað beiðni frá prestinum að Sauðafelli sira Jakobi Guðmundssyni, þar sem hann fer fram á, að sjer, sem eiganda að Sauðafellskirkju, megi, til þess að bæta úr kostnaði þeim, sem hann þegar hefir varið til aðgjörðar á tjeðri kirkju og endurbótar á jörðunni Sauðafelli, og til þess að hann geti sjeð sjer fært að halda áfram endurbótunum á tjeðri jörð, leyfast að selja undan kirkjunni eign hennar Hamra í Laxárdal, þannig að hún með öllu verði fráskilin kirkjueigninni. 159 11. nóv.

Í tilefni af framanrituðu skal eigi undanfellt þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar vitundar og birtingar, að hið umbeðna leyfi getur eigi veizt, þar eð það mundi koma í bága við grundvallarreglu þá, sem tekin er fram í lögunum (sbr. konungsbrjef 30. júní 1786), að eigi má taka kirkjujörð frá þeirri kirkju, er hún heyrir undir.

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um uppbót á 3 prestaköllum.** — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 13. f. m., sent hingað beiðni frá 3 prestum, er skipaðir voru í síðastliðnum septembermánuði, sem sje frá sira Helga Árnasyni að Söndum í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi, sira Jóni Ó. Magnússyni að Hofs prestakalli í Húnavatns prófastsdæmi og sira Pjetri Jónssyni að Fjallaþingum í Norðurþingeyjar prófastsdæmi, þar sem þeir fara fram á, að uppbót sú, er með lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, árlega er lögð tjeðum prestaköllum að upphæð 160 11. nóv.